

9.0 FLUGÁHAFNIR**9.1 Starfhæfi.**

Flugstjóri skal tryggja að skírteini hvers flugliða hafi verið gefið út eða fullgilt af skráningarríki flugvélarinnar, sé með réttum áritunum og í gildi. Hann skal vera þess fullviss að viðkomandi flugliðar hafi haldið við starfhæfni sinni.

9.1.1 Millilandaflug.

Flugstjóri í millilandaflugi til Íslands eða frá því skal hafa gilda blindflugsáritun.

9.2 Samsetning áhafnar.

Fjöldi flugliða í áhöfn skal ekki vera minni en segir í lofthæfiskírteini flugvélarinnar, flughandbók hennar eða öðrum gögnum, tengdum lofthæfiskírteini hennar.

10.0 ÝMIS ÁKVÆÐI**10.1 Undanþágur.**

Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

10.2 Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964.

10.3 Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 261/1990 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. mars 1991.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin
þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra
fyrirtækja og stofnana.**

1. gr.

Við 1. málsg. 2. gr. bætist nýr tölul., er verði 6. tölul., svohljóðandi:

6. Öryggisvarsla, þ.e. eftirlit með verðmætum og starfsemi, utan venjulegs opnunartíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. málsg. 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, til að öðlast gildi 1. maí 1991.

Fjármálaráðuneytið, 26. mars 1991.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.